

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp eða vatnsmælir bilar, áætlað veitan vatnsnotkun með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Norðurorka ákveður mælisstærð fyrir hverja húsveitu. Greiða skal fast gjald sem fer eftir stærð vatnsmælis sem hér segir.

Fast gjald fyrir hvern mæli:

15 mm	26,95 kr./dag
20 mm	64,90 kr./dag
25 mm	130,35 kr./dag
32 mm	260,70 kr./dag
40 mm	521,40 kr./dag
50 mm	1.042,80 kr./dag

Innheimtugjald:

Lokunargjald	1.383 kr.
Mælaálestrargjald	806 kr.
Seðilgjald	150 kr.

Á þessi gjöld leggst virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af stjórn Norðurorku, er sett samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og lögum nr. 159, 20. desember 2002 um Norðurorku, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 27/1998, með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 13. febrúar 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Eyrarbakka 1997-2017, lóð nr. 32 við Eyrargötu, Eyrarbakka, Sveitarfélaginu Árborg.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. febrúar 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eyrarbakka 1997-2017 frá 8. júlí 1997.

Breytingin felst í því að lóð nr. 32 við Eyrargötu, Eyrarbakka, þar sem landnotkun er verslun og þjónusta, breytist í verslun og þjónusta, opinber stofnun og íbúðir.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Árborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar. Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 11. febrúar 2004.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.